

Fundargerð aðalstjórnar 5. september

Mættir: Haraldur Eyvinds, Guðrún Kaldal, Unnur Halldórsdóttir, Guðjón Norðfjörð, Björg Fenger, Hilmar Sigurðsson, Hildur Sesselja Aðalsteinsdóttir, Andri Sigfússon og Kristín Finnbogadóttir.
Eiríkur Elís Þorláksson boðaði forföll

Dagskrá:

- Yfirlit deilda
- Gróttumessa
- Setustofa/hátíðarsalur – afnot bæjarins
- Handbækur
- Lottóúthlutun
- Undirritanir á samninga
- Samningar fyrir 2011-2012
- Blak
- Önnur mál

Fundur settur kl. 20:05

1. Yfirlit deilda

Handknattleiksdeild

Það hefur verið erfitt að fá þjálfara sérstaklega fyrir yngstu flokkana. Lausn í sjónmáli.

Knattspyrnudeild

Búið að ráða yfirþjálfara, Úlfur Blandon. Gróttuleikur næstkomandi laugardag, mikilvægur leikur við Leikni. Úrslitaleikur.

Fimleikadeild

Árið byrjar vel hjá fimleikunum. Fimleikadeildin ætlar að prufa að hafa 3 yfirþjálfara. Búið að manna allar þjálfarastöður. Nýju tækin komin í notkun.

2. Gróttumessa.

Bjarni nýi sóknarpresturinn hringdi og hafði mikinn áhuga á að vera í samstarfi við Gróttu. Hann var með hugmynd um að hafa Gróttumessu. Gróttu tekur vel undir þetta og þessi hugmynd samþykkt.

3. Setustofa/hátíðarsalur – afnot bæjarins.

Hugmynd frá fimleikadeild um nýtingu setustofunar sem einhvers konar teygju- og æfingasal þar sem allar deildir gætu nýtt þennan sal. Setja þarf skýrari og betri umgengisreglur í hátíðarsalinn. Umræður um nýtingu salarins. Björg sendir fyrirspurn til Hauks.

4. Handbækur

GK benti formönnum deilda að nota þær handbækur sem búið er að gera, og koma þeim til þjálfara og þeirra sem hafa not af. Umræður um þjálfarafund og fá Viðar Halldórsson til að vera með fyrirlestur þar sem hann ræðir um væntanlega félagslega stefnu Gróttu.

5. Lottóúthlutun

Haraldur upplýsti okkur um gang mála þar. Verið að endurskoða reglurnar þar.

6. Undirritanir samninga

Umræður um það

7. Samningar fyrir 2011-2012

Sama og 6.liður

8. Blak

Ákveðið að endurskoða úthlutun á tímum Gróttu, þ.á m. til blaksins á miðvikudögum. Farið verður í að ræða við blakkonur

9. Önnur mál

Umræður um brottfall barna vegna fjárskort heimilanna.

Séræfingar. Ábending frá foreldri að séræfingar fermingabarna yrðu ekki settar á sama tíma og messur á sunnudögum.

Umræða um kaup á boltahreinsvél fyrir handknattleiksdeild

Ítrekað af GN að tímasetningar á skilum fjárhagsáætlana sem er 10.október. Umræða um það